

Bæjarráð Garðabæjar
Garðatorgi 7

Garðabær 1. mars 2017

Fyrirkomulag á eftirliti með óskilahundum

Á fundi heilbrigðisnefndar þann 27. febrúar 2017 var lagt fram erindi bæjarráðs Garðabæjar frá 21. febrúar 2017 þar sem óskað er eftir upplýsingum um fyrirkomulag á eftirliti með óskilahundum í framhaldi af opnu bréfi til kjörinna fulltrúa dags. 12. febrúar 2017.

Einnig var lagt fram erindi bæjarráðs Kópavogs frá 27. febrúar 2017 þar sem óskað er umsagnar heilbrigðisfulltrúa og tillögum til úrbóta sbr. sama erindi.

Heilbrigðisnefnd gerði eftirfarandi bókun:

„Afskipti af eftirlitslausum ómerktum hundi hefst í langflestum tilvikum með því að dýr hafi boðið sér í heimsókn til ókunnugs aðila. Auðvelt er þá fyrir eftirlitsmann að lesa örmerki og bera saman við gagnagrunn eftirlitsins. Hafi dýrið verið skráð er mjög fljótlegt að koma upplýsingum til eiganda um að sækja dýrið. Það er skylda eiganda dýrs eða umráðamanns að leita að því og sækja það hafi það týnst.

Sumir hundeigendur hirða ekki um að skrá dýr sín og hafa þau ekki merkt með símanúmerum. Dýr hafa stundum verið einhvern tíma á þvælingi þegar eftirlitsaðili er tilkynnt um það. Þau orðin hrædd og enginn að leita þeirra. Dýrin geta verið æst og aðstæður misjafnar. Þegar dýr nást í slíkum tilvikum eru dýrin færð í aðstöðu til að geyma þau og halda. Oft kemur þá fyrir að dýr reynist ekki örmerkt eða ekki hægt að finna eiganda samkvæmt örmerkinu. Upplýsingar í örmerkjagrunni eru oft rangar.

Rétt er að fram komi að lendi hundur í þeirri stöðu að fara á flæking og hann er með hálsól og merktur með símanúmerum kemur sjaldan til þess að eftirlitsaðili þurfi að hafa afskipti af dýrinu. Færst hefur í vöxt að almennir borgarar taka slík dýr í sína vörslu og auglýsi þau á vefum internetsins.

Heilbrigðisnefnd vekur athygli sveitastjórna í sínu umdæmi á að Matvælastofnun er eftirlitsaðili með framkvæmd laga um dýravelferð og reglugerðum settum með vísun til þeirra laga. Til úrbóta er helst til ráða að skerpa á reglum um einstaklingsmerkingar dýra og fylgja eftir að farið sé að þeim reglum og umráðamenn gæludýra hvattir til að tryggja að upplýsingar séu réttar.“

Afskipti sveitarfélaganna af óskilahundum byggjast á heimildum í ákvæðum tveggja laga.

1. Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir

Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir heimila sveitarfélögunum að hafa afskipti af dýrahaldi út frá hollustuhátta og mengunarvarna sjónarmiðum. Heilbrigðiseftirlitið hefur séð um þann þátt með því að skrá hunda, sinna kvörtunum sem berast vegna hundahalds og taka í vörslu eftirlitslausa hunda. Þessum afskiptum og eftirliti er sinnt í samræmi við ákvæði heilbrigðissamþykktar nr. 154/2000.

Í 12. gr. samþykktarinnar kemur fram:

„Sleppi hundur frá eiganda sínum eða umráðamanni skal viðkomandi gera tafarlaugar ráðstafanir til að handsama hann. Eftirlitslausa hunda skal færa í sérstaka hundageymslu og tilkynna eiganda (sé hundur merktur) handsömunina.

Sé hunds eigi vitjað innan einnar viku skal honum ráðstafað til nýs ábyrgs eiganda, hann seldur fyrir áföllnum kostnaði eða aflífaður. Hafi óskráður hundur verið handsamaður er óheimilt að



afhenda hann fyrr en að lokinni skráningu. Kostnaður við handsömun, geymslu eða aflifun skal að fullu greiddur af eiganda."

Samþykkt um hundhald er staðfest með vísun til ákvæða 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Markmið laganna er að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómengduðu umhverfi. Sveitarfélög geta samkvæmt tilvitnaðri 25. gr. sett sér eigin samþykktir um atriði sem ekki er fjallað um í reglugerðum eða gert um einstök atriði ítarlegri kröfur en fram koma í þeim, enda falli þau undir lögin. Heimilt er auk annars að setja í slíkar samþykktir ákvæði um:

1. bann eða takmörkun gæludýrahalds og húsdýrahalds,
2. meðferð úrgangs og skolps,
3. gjaldtöku fyrir leyfi, leigu eða veitta þjónustu,
4. ábyrgðartryggingar.

2. Lög um velferð dýra

Með lögum um velferð dýra nr. 55/2013 er lögð eftirfarandi skylda á sveitarfélögin varðandi *Handsömun dýra*:

„Ef dýr strjúka eða sleppa úr haldi skulu umráðamenn þeirra þegar gera ráðstafanir til að handsama þau. Viðkomandi sveitarfélagi er skylt að taka slík dýr í vörslu sína, lesa af einstaklingsmerkjum og gera þegar ráðstafanir til að hafa uppi á umráðamanni þeirra. Sveitarfélögum er skylt að hafa aðstöðu til að halda slík dýr. Sveitarfélagi er heimilt að innheimta áfallinn kostnað úr hendi umráðamanns samkvæmt gjaldskrá. Ef umráðamaður vitjar ekki dýrsins innan viku frá því að honum var tilkynnt um handsömun þess eða ef umráðamaður finnst ekki innan tveggja vikna er sveitarfélaginu heimilt að ráðstafa dýrinu eins og um hálfvillt dýr sé að ræða. Sveitarfélag telst umráðamaður dýra á meðan þau eru í vörslu þess. Eftir tvo sólarhringa frá handsömun er sveitarfélagi heimilt að ráðstafa hálfvilltu dýri til nýs eiganda, selja það gegn áföllnum kostnaði eða aflífa án bóta. Sveitarfélagi er heimilt að fela öðrum að framkvæma þær skyldur sem tilgreindar eru í 1. og 2. mgr. með sérstökum samningi. Við handsömun dýra er óheimilt að beita aðferðum sem valda þeim limlestingum, kvölum eða óþarfa ótta. Ráðherra er heimilt að kveða í reglugerð nánar á um hvaða aðferðir eru heimilar við handsömun dýra."

Aðstaða til að halda dýr

Heilbrigðiseftirlitið hefur séð um þessi mál fyrir hönd sveitarfélaganna og er með samninga um aðstöðu til að halda hunda og ketti sem sveitarfélögin verða að taka í sína vörslu. Fullyrða má að aðstaða þessi sé í góðu lagi.

Áskoranir í erindi frá 15. febrúar s.l.

Vegna framkominna áskorana í bréfi *Félags ábyrgra hundeiganda frá 15. febrúar s.l.* er rétt að vekja athygli á ákvæðum ofangreindra laga. Sveitarfélögin Garðabær, Hafnarfjörður og Kópavogur uppfylla skyldur sem á þau eru lögð samkvæmt lögnum.

Sveitarfélögin eru ekki eftirlitsaðilar samkvæmt lögum um velferð dýra. Lögin leggja fyrst og fremst skyldur á eigendur og umráðmenn dýra og fyrir hönd stjórnvalda eru Matvælastofnun og lögregla til andsvara.

Þar sem tilvitnun er í reglugerð nr. 80/2016 um velferð gæludýra er ástæða til að vekja athygli á ákvæðum 12. gr. þeirra reglugerðar er varðar skipulagða handsömun dýra. Venjubundin eftirlitsstörf sveitarfélaganna falla ekki undir skilgreiningu skipulagðrar handsömunar.

„Strax og umráðamaður dýrs verður þess var að gæludýr sleppur úr haldi skal hann gera ráðstafanir til að finna dýrið og handsama það." Ennfremur kemur fram „Við skipulagða handsömun katta og kanína er leyfilegt að nota föngunarbúr eða háfa. Minnst ein hlið föngunarbúrs skal vera gegnsæ og skal vera sýnilegt úr fjarlægð hvort dýr sé í búrinu. Fyrir ketti skal föngunarbúr vera minnst 80 sm á lengd og 30 sm á breidd og hæð."

Við handsömun hunda er leyfilegt að nota föngunarbúr, háfa og þar til gerðar föngunarstangir, en einungis ef sá sem fangar hefur hlotið viðurkennda þjálfun að mati Matvælastofnunar, við notkun slíkra stanga.

Vitja skal búranna á minnst tólf klst. fresti. Ef ástæða er til að ætla að hitastig utandyra fari undir 5°C eða yfir 20°C skal vitja búranna á minnst þriggja klst. fresti.

Ávallt skal, eins fljótt og auðið er, leitað eftir örmerki dýrs sem fangað hefur verið. Ef ekki næst í umráðamann eða dýrið er ómerkt skal dýr án tafar flutt í dýraaðstöðu sveitarfélags.

Niðurlag

Á árinu 2016 voru 8 ómerktir hundar, sem eftirlitsaðili vissi engin deili um eigendur, færðir í athvarf. Flestir dvöldu þar aðeins eina nótt eða skemur. Fyrir nokkrum árum skipti fjöldi slíkra dýra tugum. Samskiptavefir hafa breytt þarna miklu.

Óskráð dýr sem óvart sleppa frá umráðamanni eru sótt og skráð og greiddur áfallinn kostnaður. Undantekningar eiga sér einnig stað. Dýrs er ekki vitjað. Útlagður kostnaður á árinu 2016 s.s. dýralæknakostnaður vegna slíkra dýra, var á níundatug þúsunda. Þessi kostnaði verður ekki innheimtur hjá eiganda og enginn til að greiða hann nema sveitarfélögin. Skyldan liggur hjá þeim samkvæmt lögum um dýravelferð. Aðkeyptur kostnaður þ.m.t. upphaldskostnaður er verulegur svo og vinna eftirlitsmanns. Að hafa aðstöðu til reiðu hvenær sem er einnig kostnaðarsamt og er eindregið varað við því að auka verulega þjónustustig s.s. með sólarhrings sínavöktun og heimsendingaþjónustu án þess að reikna með kostnaði sem því fylgir.

Virðingarfyllt,
f.h. heilbrigðisnefndar.


Guðmundur H. Einarsson,
framkvæmdastjóri.